

Nd. 633. Frumvarp til laga [259. mál]

um breyting á lögum nr. 42/23. maí 1969, sbr. l. nr. 43/1976, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

IX. kafli Um mörk og markaskrár orðist svo:

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötur í eyra með númeri hrepps, heimilis eða brennimarki markeiganda. Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé ella plötu í eyra með heimilisnúmeri og á eftir því sömu stafi og í hrepps-brennimarki. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á geitum og sauðfé. Ráðherra er heimilt að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum og setja reglugerð þar um.

2. gr.

64. gr. orðist svo:

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á kind er brennimark rétt hæst, næst löggilt plötumerki, þá hornamark og síðast eyrnamark. Sé þess krafist af eiganda réttlægra marks á kind, skal eigandi rétt herra marks gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

Um hrossa- og nautamörk og skil á stórgripum skulu, þar sem ástæða þykir til, vera sérákvæði í fjallskilasamþykkt.

3. gr.

65. gr. orðist svo:

Mörk ganga að erfðum og gefa má mark svo og selja, enda sé gerð marksins í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda sé það hvergi til á því svæði, þar sem sammerkingar eru bannaðar, eða ekki svo líkt öðru marki á viðkomandi samgöngusvæði að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Í fjallskilasamþykkt skal tekið fram hvers konar mörk megi taka upp, og jafnframt hvaða mörk er bannað að nota.

4. gr.

66. gr. orðist svo:

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um prentun á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu prentaðar samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skal slík

prentun næst fara fram 1987. Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og prentun markaskrár. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðuneytið setur um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

Skylt er markeiganda að tilkynna markaverði mark sitt til prentunar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og greiða gjald fyrir, sem stjórn þess ákveður.

Heimilt er að taka hærra gjald fyrir fleiri en tvö fjármörk sama eiganda, einnig fyrir mörk, sem markeigandi notar ekki í 8 ár eða lengur. Mark sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 68. gr., skal talið niðurfallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá, sem áður átti markið, hafa forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan 8 ára, og heldur það þá aldursrétti.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til prentunar í markaskrá, með því að prenta það í skrána og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar 8 ár eru liðin eða fyrir með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en 8 ár, fellur aldursréttur þess niður.

5. gr.

67. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið ákveður í reglugerð í samráði við Sauðfjársjúkdómanefnd á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé. Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma ber að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga á sauðfé, sem nú fyrirfinnast og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma. Markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma, tveir eða fleiri, mynda markadóm fyrir viðkomandi svæði og er skylt að fylgja eftirfarandi reglum:

Þar sem óleyfilegar sammerkingar eru fyrir hendi, eða tveir eða fleiri fjáreigendur, á svæði þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til prentunar í markaskrá á viðkomandi svæði, skal erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði. Sé um sama flokk marks að ræða, sem ágreiningur er um, t. d. kaupamark, þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark, sem lengur hefur verið samfellt í markaskrá umdæmisins.

Nú eru mörk af sama flokki, t. d. erfðamörk, jafngömul eða ógerningur að sanna aldursmun þeirra og markadómur fær hvorugan hlutaðeiganda til að bregða út af marki (taka upp nýtt mark), skal landsmarkadómur fella endanlegan úrskurð um hvor halda skuli markinu.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í landsmarkadóm: Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og sá þriðji skipaður af ráðherra, að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, og skal hann vera formaður.

Landsmarkadómur skal endurskipaður á átta ára fresti að lokinni prentun markaskráa.

Kostnaður við störf landsmarkadóms greiðist að $\frac{1}{3}$ hluta af þeim sem markinu fær að halda, að $\frac{1}{3}$ úr sýslusjóði þess umdæmis sem sá á heima í sem markinu heldur og að $\frac{1}{3}$ af landbúnaðarráðuneytinu. Landbúnaðarráðherra ákveður gjaldskrá.

Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár þar sem það þykir henta.

6. gr.

68. gr. orðist svo:

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði, sem birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaðinu á kostnað hins nýja eiganda. Sama gildir ef

markeigandi flyst milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið að höfðu samráði við hlutaðeigandi markaverði, skal hann þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaðinu. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma núgildandi IX. kafli laganna.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 42/1969, inn í meginmál þeirra og gefa lögín út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af markanefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 5. ágúst 1980 til að endurskoða reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Í markanefnd áttu sæti: Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, skrifstofustjóri og Gísli Andrésón, bóndi, Hálsi. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Er markanefnd hafði athugað vandlega hvernig útgáfa markaskráa 1979 hafði tekist, kom í ljós að ennþá var við lýði ótrúlegur fjöldi óleyfilegra sammerkinga. Í lögum nr. 42/1969, sbr. l. nr. 43/1976 um afréttamálefni, fjallskil o. fl., er ekkert ákvæði, sem bannar eldri sammerkingar, heldur aðeins ákvæði um að ekki megi taka upp nýtt mark, sem annar á í sama eða nærliggjandi héraði, svo að misdrætti geti valdið. Nefndin telur því nauðsyn að fá sett í lög ákvæði er banna hættulegar sammerkingar, sem eru til þess fallnar að valda misdrætti eða hættu á útbreiðslu sjúkdóma, og sú skylda verði lögð á markaverði landsins að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa, sem eiga allar að koma út 1987. Til þess að gera það mögulegt, yrðu markaverðir fjallskilaumdæma, þar sem sammerkingar eru bannaðar, að vinna saman og mynda á þann hátt markadóma, til þess að rannsaka hver hafi meiri eða mestan rétt til að halda marki sínu, en auk þess yrði skipaður landsmarkadómur, sem felldi úrskurð um þau mörk, sem samkomulag næst ekki um milli markavarða og markeiganda. Nokkrum fleiri atriðum taldi nefndin nauðsyn að breyta. Markanefnd felldi breytingartillögur sínar inn í IX. kafla l. nr. 42/1969, sbr. l. nr. 43/1976.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.:

Bætt er við fyrstu setningu 63. gr.: „... og plötur í eyra með númeri hrepps, heimilis eða brennimarki markeiganda.“

Þetta er nauðsynlegt vegna þess, hve fé er víða kollótt og því er ekki hægt að brennimerkja það, auk þess sem hvert býli margra hreppa hefur sérstakt bæjarnúmer, sem bændur nota jafnhliða raðtölunúmeri í lömb sín.

Í niðurlagi þessarar greinar er bætt við tveimur ákvæðum, þ. e. að sömu reglur gildi um mörk á geitum og sauðfé, og ráðherra sé heimilt að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum. Þessi ákvæði eru nauðsynleg, en þurfa ekki skýringar nema að því leyti, að frostmerkingar hafa enn ekki verið reyndar nægilega hér á landi til þess að ákvæði um þær geti verið annað en heimild fyrir ráðherra.

Um 2. gr.:

Í niðurlagi 64. gr. er skotið inn orðinu „nautamörk“, sem er tvímælalaust nauðsyn sumsstaðar landinu.

Um 3. gr.:

Í 65. gr. er bætt við aðra setningu orðunum: „... enda sé gerð marksins í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins.“

Þetta er nauðsyn af því að gengið er út frá að í hverri fjallskilasamþykkt verði ákvæði um, hvaða mörk (benjar) megi taka upp á viðkomandi svæði, sjá síðustu málsgrein þessarar greinar. Talið er réttmætast að sýslunefndir og markaverðir ráði hvaða mörk eru notuð, nema þegar nauðsyn krefst að mark sé bannað um land allt eind og t. d. gat og netnál á sauðfé, vegna þess að slíkar benjar eru oft eftir merki í eyra og því óréttlæt看legt að leyfa slík mörk til helgunar eignarréttar í kindum.

Pá er orðalagsbreyting á síðari hluta þriðju setningar 65. gr. til áhersluauka, sem er nauðsyn.

Um 4. gr.:

Þessi grein kemur í stað 68. gr. í gildandi lögum með nokkrum breytingum. Auk orðalagsbreytinga er skotið inn ákvæði um að fylgt skuli ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðuneytið setur um mörk og markaskrár og takmarkanir á sammerkingum búfjár og að sem mest samræmi verði í gerð markaskráa um land allt. Pá er í þessari grein skotið inn, að markavarsla umdæmis geti geymt mark, en sé markið geymt lengur en 8 ár, falli þó aldursréttur þess niður.

Um 5. gr.:

Í 67. gr. er í fyrsta lagi landbúnaðarráðuneytinu ætlað með reglugerð, í samráði við Sauðfjársjúkdómnefnd, að ákveða á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveði slíkt varðandi annað búfé. Þetta er tvímælalaust nauðsyn ef sauðfjársjúkdómavarnir eiga að þjóna tilgangi sínum. Til þessa hefur skort ákvæði í lögin um þetta efni.

Í öðru lagi eru sett ákvæði um hvernig markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma skuli vinna saman og mynda markadóm til að útrýma óleyfilegum sammerkingum og fyrirbyggja að nýjar bætist við.

Í þriðja lagi eru ákvæði um landsmarkadóm, sem er nauðsynlegur til að leysa úr ágreiningi, sem koma kann upp milli markeigenda og markadómara viðkomandi byggðarlags, er þeir ná ekki sættum. Slík ákvæði hafa eigi verið í lögum, en án úrskurðaraðila verður ekki unnt að útrýma öllum óleyfilegum sammerkingum. Athygli skal vakin á því að ekki er gert ráð fyrir að bæta fébótum fyrir mörk, sem leggja þarf niður til útrýmingar sammerkinga, þótt mörk séu viðurkennd eign, sem geti gengið að erfðum. Skoðun markavarða var einróma fylgjandi því að láta fébætur ekki koma til greina í þessum tilvikum, heldur aðstoði þeir hlutaðeigandi markeiganda við að taka upp nýtt leyfilegt mark, sem líkast því sem hann þarf að fella niður. Þessi skoðun byggist á því að upptaka nýrra marka sé náma, sem öllum fjáreigendum sé leyfilegt að ganga í, að vísu með vissum takmörkunum. Væri farið að bæta fébótum mörk, sem leggja þarf niður, t. d. að úrskurði landsmarkadóms, myndu skapast deilur um hver skyldi bæta og hve háar bætur skyldu vera hverju sinni. Er tvímælalaust að best væri fyrir bændur að til slíkra deilna þurfi ekki að koma.

Um 6. gr.:

Breytingar við þessa grein þarfnast ekki skýringar.